

# Íslenskur iðnaður

12. tölublað 15. árg.

Desember 2009

Samtök iðnaðarins



Veljum íslenskt  
– okkar hagur!

*Samtök iðnaðarins óska  
félagsmönnum sínum og  
öðrum lesendum gleðilegra  
jóna, árs og friðar*

bls. 2



Er von?

bls. 3



Iðning  
2010

bls. 4



bls. 5 - 6



Loftur  
Árnason  
forstjóri  
ISTAKS

bls. 11



79%  
bókatiðla  
prentaðir á  
Íslandi

# ER VON?

Ársins 2009 verður ekki minnst með neinni gleði á Íslandi. Árs mótlætis, vonbrigða og margháttaðra mistaka á mörgum sviðum stjórnsýslu og þjóðlífsins alls.

Eftir risaáfallin á haustdögum 2008 stóðu vonir til þess að Íslendingar hefðu víðsýni til að taka höndum saman um skjóta endurreisn. Sú varð því miður ekki raunin. Í stað þess að stjórnmalaförysta landsins semdi vopnahlé til að koma þjóðlífinu inn á réttar brautir á sem skemmstum tíma, var mestri orku eytt í marklítið karp og óarðbært pólitískt vopnaskak sem gerði það að verkum að margir mánuðir fóru fyrir lítið á meðan þjóðin beið eftir lausnum sem hafa jafnvel enn ekki látið á sér kræla.

Talið var brýnast að skipta um ríkisstjórn, koma á minnihlutastjórn, efna til kosninga, halda landsfundum í öllum flokkum, halda prófkjör út um allt, heyja innihaldsrýra kosningarbaráttu, mynda svo nýja ríkisstjórn og reyna þá fyrst að hefjast handa þegar komið var fram undir mitt ár. Þá fór Icesave-draugurinn á kreik og hélt þingheimi í gíslingu Alþingis megnið af sumrinu – án þess að málinu lyki. Þegar þessar línur eru skrifaðar á miðri jólaföstu hefur sá draugur ekki enn verið kveðinn niður og stundum virðist sem þingheimur sé að niðurlotum kominn.

## VILJI TIL VAXTAR ?

Því miður virðast stjórnvöld ætla að velja skattþeningarleiðina í stað vaxtarleiðar út úr kreppunni. Það er skoðun mín að stórauðnar skattaálgöngur á fólk og fyrirtæki við þessar aðstæður geri ekki annað en að dýpka kreppuna og lengja hana. Ég vil frekar sjá djarfa vaxtarstefnu aukinnar verðmætastöðvunar sem fjölgar arðsömum störfum sem fyrst, dregur úr böli atvinnuleysis og skapar ríki og sveitarfélögum auknar tekjur. Verði skattþeningarstefnan ofan á getum við vænst vaxandi pólitískra átaka um hugmyndafræði á sviði skattheimtu í þjóðfélaginu. Fólk mun rísa upp gegn þeirri skattaþjáningu sem nú hefur verið boðuð. Ef stjórnmalaflokkar gagnast ekki til varnar á þessu sviði, má búast við að fjöldinn láti reyna á samtakamátt sinn á öðrum vettvangi.

En er von?

Ég er svo bjartsýnn – eða galinn – að halda því fram að enn sé von fyrir okkur Íslendinga. En þá þurfa ráðandi öfl að hætta að sóa dýrmætum tíma, hætta að taka rangar ákvarðanir og fara að taka margar réttar ákvarðanir og það hratt.

## AUÐLINDANÝTING

Við Íslendingar búum að auðugum náttúruauðlindum sem við eigum að nýta með fullri virðingu og af mikilli skynsemi; fiskinn í sjónum, orkuna, landið sjálft og ekki síst mannfólkið.

Munurinn á okkur og ýmsum öðrum þjóðum sem lent hafa í efnahagsþrengingum er einkum sá að við eigum mikilvægar auðlindir og við verðum að bera gæfu til að nýta þær rétt.

Orkuna þarf að nýta með réttum og ábyrgum hætti til eflingar iðnaðar á sem flestum sviðum.

## TÍMAMÓT

Notum hátíðina framundan til að hugsa okkar ráð með jákvæðum hætti og meta hvað við getum gert til að snúa óheillapróun síðustu missera til betri vegar. Festumst ekki í



Helgi Magnússon  
formaður SI

fortíðarhyggju, mistakauræðu og refsigleði. Sannleikurinn kemur í ljós og okkur er óhætt að horfa fram á veginn.

Gleymum ekki inntaki jólanna. Horfum til baka yfir það skammdegi sem ríkt hefur í þjóðarsál Íslendinga þetta árið og munum að daginn er tekið að lengja með hækkandi sól. Skammdeginu lýkur senn. Í birtunni felst vonin.

Fyrir hönd Samtaka iðnaðarins færi ég lesendum og landsmönnum öllum hugheilar jóla- og nýjárósóskir. Megi árið 2010 færa okkur öllum gleði, hamingju og aukinn styrk til góðra verka.

BUSINESSEUROPE

## Gömlu gildin í öndvegi

Samtök iðnaðarins og SA eiga aðild að BusinessEurope, heildarsamtökum iðn- og atvinnurekenda í Evrópu. Aðildarsamtök eru 40 talsins og koma frá 34 Evrópulöndum. Venja er að formenn aðildasamtakanna komi saman til skrafs og ráðgerða tvisvar á ári og eru fundirnir haldnir í því landi sem fer með formennsku í Evrópusambandinu. Þar sem Svíar eru að ljúka sinni formennskutíð var fundurinn haldinn í Stokkhólm.

Umræður snérist að mestu um efnahagsmál og mat á því hvort það versta væri yfirstaðið í samdrætti í kjölfar hruns á fjármálamarkaði. Ljóst er að stjórnvöld hafa víða um heim dælt gríðarlegum fjármunum inn í efnahagslífið í þeim tilgangi að örva atvinnustarfsemina. Stóra spurningin er sú hvort þau batamerki sem sjást víða eru raunveruleg og að efnahagslífið náði að standa á eigin fótum eða hvort aftur sígi á ógæfuhliðina þegar dregur úr áhrifum stuðningsaðgerða stjórnvalda.

BusinessEurope er að marka stefnu til næstu ára undir heitinu *Go for growth* sem samtökin telja rétt að Evrópusambandið hafi að leiðarljósi í málefnum atvinnulífs Evrópu. Aðalatriðið er að hafa hagsmuni atvinnulífsins í forgrunni því þar er uppspretta velferðarinnar. Í því samhengi er rétt að huga aftur í ríkara mæli að grundvallargildum heilbrigðs markaðar. Raunveruleg verðmætastöðvun með framleiðslu vöru og þjónustu er kjarnaatriði.

Óhætt er að segja að þessar áherslur rími vel við málflutning Samtaka iðnaðarins en rífa má upp að á síðasta Iðnþingi var fjallað um *vöxt og verðmæti* og komandi Iðnþing verður undir yfirskriftinni **Vilji til vaxtar**.



## Ríkiskaupum gert að auglýsa á nýjan leik útboð

**Kærunefnd útboðsmála** hefur komist að þeirri niðurstöðu að Ríkiskaup fyrir hönd Landspítalans skuli gert að auglýsa á nýjan leik útboð á mat-sölu til starfsmanna Landspítala.

Ríkiskaup höfðu tekið þá ákvörðun að undangengu útboðinu að ganga til samninga við Sælkeraveislur ehf., sem var næstlægsti bjóðandi í útboðinu. Jafnframt var tilboði lægstbjóðanda, Sláturfélags Suðurlands SVF (SS) vísað frá.

Samtök iðnaðarins kærðu niðurstöðu útboðsins f. h. SS og gerðu m.a. þær kröfur fyrir kærunefndinni að sú ákvörðun Ríkiskaupa að velja tilboð Sælkeraveisluna ehf. yrði felld úr gildi og Ríkiskaupum yrði gert að bjóða mat-sölu til starfsmanna Landspítala út á nýjan leik.

Fallist var á kröfur SS í málinu og var það jafnframt álit kærunefndarinnar að Ríkiskaup væri skaðbótaskyld gagnvart SS.

## Erindi til Samkeppniseftirlitsins

**Samtök iðnaðarins og MÁLMUR** – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði hafa sent erindi til Samkeppniseftirlitsins þar sem óskað er að tryggt verði að uppbygging og rekstur skipalyftunnar í Vestmannaeyjum verði ekki niðurgreiddur úr hafnarsjóði eða bæjarsjóði eins og stefnt er að.

Vitnað er í nýlegan úrskurð Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) þar sem starfsemi upptökumannvirkja fyrir skip er skilgreind sem atvinnurekstur á frjálsum markaði. Enda þótt hið opinbera geti tekið þátt í slíkum rekstri verður það að vera innan sömu marka og einkafjárfestar myndu telja ásættanleg út frá eðlilegri arðsemi. Gildir þá einu hvort um er að ræða framlög ríkisins, sveitafélaga eða annarra á þeirra vegum. Í erindinu til Samkeppniseftirlitsins er dregið í efa að í þessu tilviki sé reiknað með eðlilegri arðsemi.

## Iðnþing 2010

### Vilji til vaxtar - Mótum eigin framtíð -

Iðnþing verður haldið á Grand Hótel Reykjavíkur fimmtudaginn 4. mars 2010 og hefst með aðalfundi Samtakanna. Að loknum hádegisverði í boði SI hefst Iðnþingið.


Dagskrá Iðnþings er í undirbúningi og verður kynnt þegar nær dregur.

Árshóf Samtakanna verður haldið föstudaginn 5. mars í veislusalnum Gullteigi og hefst með fordrykk í boði SI.



Samtök iðnaðarins - [www.si.is](http://www.si.is)

## Velta í mannvirkjagerð 1999-2009



Árið 2009 er án efa eitt erfiðasta ár sem byggingariðnaður á Íslandi hefur gengið í gegnum. Umsvifin í greininni eru riflega 40% af því sem þau voru á toppi hagsveiflunnar árið 2007. Samdrátturinn er mestur í húsbyggingum en litlu minni í öðrum greinum. Heildarumsvif í greininni árið 2009 eru svipuð og þau voru árið 2001.

Árið 2008 er talið að um 17.500 manns hafi starfað í greininni en líklegt er að fjöldinn sé nú kominn niður fyrir 10.000. Horfur fyrir árið 2010 benda að óbreyttu til enn frekari samdráttar.

Á myndinni eru allar tölur á verðlagi 2009 og í milljónum króna.

Heimild: Hagstofa Íslands

Hagtölur iðnaðarins 2009



■ *Samstarf um rafræn viðskipti*

# IcePro

## Rafræn viðskipti til eflingar íslensks atvinnulífs

**R**afræn viðskipti hafa verið stunduð á Íslandi árum saman, en fyrirtæki og stofnanir hafa um tuttugu ára skeið sent á milli sín rafrænar tollskýrslur, reikninga og pantanir byggðar á EDI (Electronic Data Interchange) staðlinum. Með eflingu veraldarvefsins hafa þau styrkst og tekið á sig nýjar myndir þannig að skilgreining hugtaksins verður sífellt torveldari. Í víðtækustu skilgreiningunni eru rafræn viðskipti þegar upplýsingatæknin er nýtt til að hámarka skilvirkni í rekstri og viðskiptum, hvað varðar ytri og innri ferli. Það þýðir að í raun má fella undir rafræn viðskipti nær öll viðskipti/samskipti sem fara fram með stuðningi upplýsingatækninnar.

### Aukin þörf fyrir notkun staðla

Það sem greinir að einstök svið rafrænna viðskipta er ekki síst þörfin fyrir notkun staðla í hinum rafrænu samskiptum. Kröfur um stöðlun eru í minna mæli til staðar þegar fyrirtæki og stofnanir eiga samskipti við einstaklinga og því hefur þróun slíkra samskipta verið almennt og hröð. Þegar fyrirtæki eða stofnanir vilja setja upp rafræn og sjálfvirk samskipti sín á milli verður málið öllu flóknara, vegna þeirrar kröfu sem gerð er um að tölvukerfi viðkomandi aðila geti átt hnökralaus samskipti án þess að mannshöndin komi nærri.

Með tilkomu internetsins breyttust staðlarnir sem notaðir eru til rafrænna samskipta þannig að samskiptin byggja í auknu mæli á XML (Extended Markup Language). Þetta er mikilvæg viðbót við EDI-staðlana og hafa skapað grundvöll fyrir hagkvæm rafræn viðskipti milli fyrirtækja og stofnana.

Nokkur bið hefur verið eftir mótun viðskiptaskeyta sem byggja á nýjum stöðlum. Á alþjóðavettvangi hefur þróun þessara mála fyrst og fremst átt sér stað hjá tveimur alþjóðlegum staðlastofnunum, OASIS og UN/EDIFACT, sem hvoru

tveggja eru stór samtök með fjölmörgum þátttökuaðilum og þar af leiðandi mörg sjónarmið sem þarf að taka tillit til. Það hefur leitt til þess að þróunin tekur oft lengri tíma en æskilegt getur talist.

### IcePro á Íslandi

Á Íslandi hefur IcePro staðið að baki EDIFACT viðskiptaskeytunum og staðfært þau skeyti sem tekin hafa verið í notkun hér á landi. IcePro er nefnd sem starfar að framgangi rafrænna viðskipta á Íslandi og er hlutlaus vettvangur þar sem opinberum aðilum, einkafyrirtækjum og lausnaraðilum gefst tækifæri til að sitja við eitt borð, miðla af reynslu sinni, marka stefnu, skilgreina ferli og sannreyna tækni. IcePro safnar þekkingu á þessu sviði, innanlands og utan, og miðlar henni til aðildarfyrirtækja í formi verkefnaþátttöku, ráðstefnuhalds og kynninga. Hlutverk IcePro er að tryggja einfalt og samræmt verklag í rafrænum viðskiptum þar sem alþjóðlegar verklagsreglur og staðlar á sviði rafrænna viðskipta eru lagðir til grundvallar.

Árið 2005 hóf IcePro þátttöku í norrænu samstarfi, NES (North-Europe Subset), um samræmingu rafrænna viðskiptaskeyta. Samstarfaðilar voru Fjármálaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Samtök banka og sparisjóða, en þessir hagmunaaðilar sjá mikil tækifæri felast í aukinni nýtingu rafrænna viðskipta í íslensku viðskiptalífi. Markmiðið með NES samstarfinu var að setja upp leiðbeiningar fyrir samræmt verklag í rafrænum innkaupum. Með þátttöku sinni tryggði IcePro að tekið yrði tillit til íslenskra sérparfa við þróun hins samræmda verklags, auk þess sem gefin var út handbók um verklagið á íslensku í byrjun árs 2007.

### Mótun tækniforskriftar

Í lok árs 2008 hófst vinna innan FUT (Fagstaðlaráð í upplýsingatækni) við að

móta tækniforskrift fyrir rafrænna reikning, sem er eitt lykilskjalið í NES handbókinni. Tilgangurinn var að móta hjálpartæki fyrir hugbúnaðarhús sem bjóða lausnir á þessu sviði. Tækniforskriftn var kynnt á ráðstefnu um rafræn viðskipti þann í október.

Mörg fyrirtæki og stofnanir hins opinbera hafa um skeið unnið að því að taka upp rafræna reikninga og tilkoma tækniforskriftarinnar mun án efa gera þá vinnu markvissari og skilvirkari. Fjársýsla ríkisins er langt komin í ferlinu en markmiðið þar er að frá og með næstu áramótum verði reikningaferlið alfarið orðið pappírslaut.


### Hagræðing í rekstri og tækifæri á erlendum mörkuðum

Danska ríkið hefur markað mjög skýra stefnu í þessum málaflokki og setti m.a. lög um að hver sá sem eigi viðskipti við stofnanir þess skuli senda reikninga á rafrænu formi. Nú tekur danska ríkið við 15 milljón reikningum á ári og hefur áætlað að sparnaðurinn nemi um 120 milljónum evra á ári, þ.e. 8 evrur á hvern reikning. Fjársýsla ríkisins tekur við að minnsta kosti 600 þúsund reikningum á ári. Ef gert er ráð fyrir jafn miklum sparnaði og hjá Dönum er þarna tækifæri til hagræðingar sem nemur hundruðum milljóna króna.

Markviss innleiðing rafrænna viðskipta skapar einnig tækifæri fyrir fyrirtæki sem sérhæfa sig í þróun og rekstri tölvulausna á þessu sviði og rennir þar með sterkari stoðum undir þá starfsemi. Góður árangur með slíkum lausnum á heimamarkaði getur án efa skapað tækifæri fyrir fyrirtæki á erlendum mörkuðum. Því er mikilvægt að fyrirtæki og stofnanir setji þennan málaflokk á stall með öðrum mikilvægum verkefnum sem stuðla að því að efla starfsemi til lengri tíma og koma þar með sterkari úr þeim öldudal sem við siglum nú í.

### Næstu skref

Mikilvægt er að huga að næstu skrefum. IcePro hvetur alla þá sem áhuga hafa á innleiðingu rafrænna viðskipta að



**Samtök iðnaðarins hafa nú þriðja árið í röð gefið út bækling sem er samantekt og leiðbeiningar um skattskil vegna bifreiða.**

**Bæklingurinn er gefinn út fyrir félagsmenn SI og var sendur til félagsmanna í nóvember.**



vera í sambandi varðandi ráðgjöf eða til að leggja verkefninu lið. Þá er félagið í samstarfi við FUT um að móta sameiginlega stefnu til komandi ára um undirbúning og innleiðingu rafrænna viðskipta, þar sem sjónum er beint að því að skapa sterkan grunn fyrir aðra þætti rafrænna innkaupa og rafrænna reikningssamskipta. GS1 á Íslandi, sem er fulltrúi alþjóðasamtaka sem m.a. halda utan um og styðja við notkun stríkamerkja í alþjóðlegum viðskiptum eru einnig virkur þátttakandi í því starfi sem framundan er á þessu sviði, en að félaginu standa stærstu samtök landsins á sviði verslunar og viðskipta.

Það eru sameiginlegir hagsmunir þjóðarinnar að markvisst verði unnið áfram að þróun og innleiðingu rafrænna viðskipta og því eru það hagsmunir félaga innan samtaka atvinnulífsins að félagsmenn þeirra gefi þessu málefni ríkulegan gaum og taki virkan þátt í þeirri þróun sem hafin er.

# Fyrirmyndar- kvenfrumkvöðlar



*Svana Helen Björnsdóttir er í efri röð lengst til vinstri ásamt evrópskum kvenfrumkvöðlum tíu landa. Fyrir miðri mynd eru Viktoría krónprinsessa Svíþjóðar, Maud Olofsson, iðnaðar- og orkumálaráðherra Svíþjóðar og staðgengill forsætisráðherra og Vladimír Spidla fyrrum forsætisráðherra Tékklands og núverandi framkvæmdastjóri atvinnu- og jafnréttismála hjá ESB.*

**Í október** komu alls 100 evrópskar konur saman í Stokkhólmi til að veita viðtöku sérstakri viðurkenningu sem fyrirmyndarfrumkvöðlar. Konurnar eru frá tíu Evrópulöndum og starfa allar í eigin fyrirtækjum. Þeim er ætlað að vera öðrum konum fyrirmynd í stofnun og rekstri fyrirtækja. Svana Helen Björnsdóttir hjá Stika og Vilborg Einarsdóttir hjá Mentor voru tvær þessara kvenna. Með þeim í för var Kristín Halldórsdóttir hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Það var starfshópur frá Impru og frá Evrópumíðstöð Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands ásamt aðilum í Enterprise Europe Network í Danmörku og Noregi sem saman völdu fyrirmyndarkvenfrumkvöðla Íslands, Danmerkur og Noregs vegna verkefnisins EU Network of Female Entrepreneurship Ambassadors.

Markmiðið er velja kvenfrumkvöðla sem geta verið fyrirmyndir annarra kvenna varðandi stofnun og rekstur fyrirtækja. Við val á „ambassadorum“ frá Íslandi, Danmörku og Noregi var fremur leitað eftir konum sem stunda rekstur í „karllægu“ rekstrarumhverfi eins og upp lýsingatækni, byggingatækni og öðrum hátæknigreinum. Rekstur sem bæri þar að auki í sér sköpun starfa og stuðlaði

þar með að auknum hagvexti. Það voru margar frábærar konur kallaðar en fáar útvaldar. Þau lönd sem tilnefndu fyrirmyndarkvenfrumkvöðla eru auk Íslands, Danmörk, Svíþjóð, Noregur, Þýskaland, Frakkland, Ítalía, Írland, Pólland og Slóvenía.

Fyrsta verkefni þessara fyrirmyndarkvenfrumkvöðla var þátttaka í opnun verkefnisins í Stokkhólmi 5. október sl. Þar sem Viktoría krónprinsessa afhenti einni konu frá hverju hinna tíu Evrópulanda sérstakt heiðurskjal, en allar 100 konurnar fengu slíkt skjal.

Þetta Evrópuverkefni til stuðnings við atvinnusköpun kvenna mun taka tvö ár og munu kvenfrumkvöðlarnir taka þátt í ráðstefnum og fundum í sínu heimalandi og annars staðar þar sem þess verður óskað. Þar munu konurnar segja frá stofnun fyrirtækja sinna og miðla reynslu af rekstri þeirra. Fyrirmyndarkvenfrumkvöðlar Íslands eru auk Svönu Helenar Björnsdóttur hjá Stika og Vilborgar Einarsdóttur hjá Mentor þær Halla Tómasdóttir og Kristín Pétursdóttir hjá Auði Capital.


# *Uppáhaldsverkefnið tvímælalaust ævistarfið í heild*

*Viðtal*

*við Loft Árnason*

*framkvæmda-*

*stjóra ÍSTAKS*



## **Loftur Árnason lætur af störfum að eigin ósk sem framkvæmdastjóri ÍSTAKS um áramótin eftir að hafa starfað hjá fyrirtækinu í hartnær 41 ár. Hann tekur að sér formennsku í stjórn fyrirtækisins. Íslenskur iðnaður lagði nokkrar spurningar fyrir Loft í tilefni af þessum tímamótum.**

### **Eignarhald á ÍSTAK er sérstakt, en móðurfyrirtækið Pihl er danskt. Hvað kom til að eigandi Pihl ákvað að hefja verktakarekstur á Íslandi?**

Það er nú löng saga að segja frá því. Í stytttri útgáfu er forsagan sú að fyrir stríð vann hér á landi verkfræðingur, Kay Langvad, á vegum dansks verktaka m.a. við virkjanir. Upp úr stríðinu keypti hann hlut í danska verktakafyrirtækinu Pihl & sön. Kay Langvad hélt síðan áfram starfsemi hér í nafni Pihl.

Kay var giftur íslenskri konu og er sonur þeirra Søren Langvad, verkfræðingur og núverandi eigandi Pihl. Í lok framkvæmda í Búrfelli 1970 stofnuðu þeir feðgar ÍSTAK ásamt nokkrum Íslendingum sem voru tengdir því verkefni. Smám saman hefur svo eignarhaldið allt færst í hendur Pihl eftir því sem íslensku þátttakendurnir hafa smá saman hætt störfum hjá ÍSTAKI. Søren Langvad sem nú er orðinn 85 ára er sem sé hálfur Íslendingur og hefur borið hag Íslands mjög fyrir brjósti.

### **Hvenær hófst þú störf hjá fyrirtækinu?**

Ég hóf störf fyrir ÍSTAK – Pihl í byrjun árs 1969 og eru árin því tæp 41. Að mestu hef ég verið staðsettur hérlendis, en hef þó unnið í Danmörku, Færeyjum og í Ísrael um lengri og skemmri tíma.

### **Verkefnin hljóta að vera orðin æði mörg á nær 41 árs starfsferli.**

Verktakastarfsemi er mjög fjölbreytt og hef ég tekið þátt í mörgum áhuga-verðum framkvæmdum hérlendis, stórum sem smáum.

### **Þau hljóta að vera misjöfn að stærð og umfangi. Er eitthvað eitt verkefni sem hefur verið lengra í vinnslu en önnur?**

Langvinnasta verkefni ÍSTAKS má kannski segja að sé uppbygging á verksmiðjusvæðinu að Grundartanga. Þar byrjuðum við árið 1977 á steypuvinnu m.a. fyrir Járnblandifélagið og höfum byggt flestar byggingar á svæðinu, þó með minniháttar hléum til ársins 2008 þegar við lukum við síðasta áfanga í stækkun Norðuráls. Sama má segja um flugstöð Leifs Eiríkssonar þar sem við byrjuðum 1984 og lukum endurbyggingu 2008.

### **En stærsta og minnsta verkefnið?**

Stærsta einstaka verkefnið er síðari stækkun á álveri Norðuráls og virkjun í Sisimiut á Grænlandi sem við erum að skila núna þessa dagana. Við höfum líka fengist við ýmissa smáverk t.d. höfum við tekið að okkur gerð ýmissa listaverka, svo sem Fyssu í Laugardal, minnismerki um austfirski sjómenn á Hornafirði og minnisvarða um fóstur í Fossvogskirkju-garði.

### **Í svo fjölbreyttum verkefnum hljóta úrlausnarefnið að vera margvísleg. Manstu eftir einhverju verkefni þar sem orðið hefur algjör viðsnúningur frá illviðráðanlegu verki í velheppnað?**

Sum verkefni fara betur en á horfir tímabundið. Vegna stærðar fyrirtækisins er oft hægt að bjarga verkum með endurskipulagningu og færa til menn og tæki og koma þannig í veg fyrir stór áföll.

### **Áttu þér uppáhaldsverkefni?**

Skemmtilegustu verkefnin eru þau sem maður vinnur við hverju sinni. Uppáhaldsverkefnið er tvímælalaust ævistarfið í heild sinni.

### **Hvað einkennir gott verkefni í þínum huga?**

Gott verkefni er tæknilega flókið, tekst vel og verkkaupi og verktaki eru sáttir. Dæmi um gott verkefni sem ég hef fengið við er Hvalfjarðargöng.

### **Hvernig eru íslensk verktakafyrirtæki í stakk búin til að mæta erlendri samkeppi?**

Íslensk fyrirtæki eru mjög vel í stakk búin til að mæta erlendri samkeppi í öll minni verkefni, ekki síst nú við þetta lága gengi íslensku krónunnar. Stórverk geta hinsvegar reynt íslenskum fyrirtækjum erfiðari vegna þeirrar erfiðu stöðu sem er á hinum íslenska verktakamarkaði þar sem fyrirtækin hafa ekki getað byggt sig upp fjárhagslega og tæknilega í þessu erfiða árferði sem nú er.

### **Verktakalýðræði er notað í neikvæðri merkingu í pólitískri umræðu. Talað er um að verktakar ráði för í skipulagsmálum.**

Verktakalýðræði er slagorð sem hefur

verið í tísku að undanfögnu. Eignarhaldsfélög og fjárfestar hafa sjálfsagt haft einhver áhrif á skipulag og er ekkert um það að segja, því þeir þurfa væntanlega að útbúa seljanlega vöru.

Verktakarnir hafa að sjálfsgöðu þjónað fjárfestunum eftir bestu getu. Ég held hins vegar að fjárfestarnir hafi einfaldlega orðið alltof gráðugir og byggt miklu meira en markaðurinn gat tekið við. Það var ljóst löngu fyrir hrúnið.

### **Hvernig hefur ÍSTAKI tekist að vera í fremstu röð svona lengi?**

Ég tel tvímælalaust að það hafi bjargað okkur í þessi 40 ár að ÍSTAK hefur lagt mikla áheyrslu á að hafa vel menntað starfsfólk á öllum sviðum. Fólk sem hefur öðlast dýrmæta reynslu sem fyrirtækið hefur síðan notið góðs af.

### **ÍSTAK hefur dregið saman seglin á innlendum markaði en jafnframt sótt fram erlendis síðustu misseri. Hver er staðan á verktakamarkaði?**

Það er rétt að samdrátturinn hefur verið mjög mikill. Umsvifin á Íslandi eru nú um 10% af því sem var í fyrrahaust. Okkur hefur hinsvegar tekist að fá verkefni í Noregi, á Grænlandi og í karabíska hafinu. Við verðum með á þriðja hundrað starfsmenn á okkar vegum erlendis á næsta ári. Þetta sparar að sjálfsgöðu þjóðarþínu atvinnuleysisbætur á bilinu 600 – 800 milljónir auk þess gjaldeyriss sem við þetta aflast. Þetta getum við vegna þess að við höfum á okkar snærum þjálfað starfsfólk sem hefur reynslu í að vinna erlendis á vegum Pihl. Staða ÍSTAKS á íslenska markaðnum er ekki góð eins og er og nær engin verkefni í boði. Samkeppnin er harðari en nokkru sinni. Það er barist um hvern bita. Þá einfaldar það ekki stöðuna að margir keppinautanna eru í rauninni komnir í þrot en reknir af kröfuhöfum, jafnvel beint eða óbeint komnir í eigu ríkisins. Þetta er mjög sérkennileg staða og erfitt að sjá að allir keppi á þessum markaði á jafnréttisgrundvelli.

### **Hvað tekur svo við hjá Lofti Árnasyni eftir að hafa staðið í eldínunni öll þessi ár?**

Við þessu er bara stutt og einfalt svar: Björt framtíð.

# Breytt byggingarvísitala

**F**rjá og með janúar 2010 verður vísitala byggingarkostnaðar reiknuð á nýjum grunni, en það er Hagstofa Íslands sem stendur að mánaðarlegri útgáfu vísitölunnar. Grunni vísitölunnar var síðast breytt 1987 og því er viðbúið að notendur hennar verði varir nokkurra breytinga í kjölfarið. Af þessu tilefni lögðum við nokkrar spurningar fyrir **Heiðrúnu Guðmundsdóttur og Stefán Loga Sigurbórsson**, en þau eru sérfræðingar í vísitöludeild og hafa umsjón með vísitölu byggingarkostnaðar.

## Hvað felst í því að skipta um grunn byggingarvísitölu?

Grunnur vísitölunnar ákvarðar hvaða byggingaraðföng eru verðmæld í vísitölunni. Tilgangur grunnskipta er að ná utan um þróun og áherslubreytingar í byggingartækni, þar með talið breytta efnis- og vinnuafslnotkun. Nýja vísitöluhúsið er hefðbundið 18 íbúða svala-gangshús og má finna í því ýmislegt sem ekki var til staðar í 1987 húsinu, s.s. lyftu, hálfniðurgrafinn bílakjallara, gipsveggi, forsteyptar veggeiningar, nútíma tengla og rafmagnsefni og þannig mætti lengi telja. Við höfum í samstarfi við reynda sérfræðinga á byggingarmarkaðnum greint allt vísitöluhúsið niður í mælanlegar einingar, og má segja að við ætlum okkur að byggja húsið frá grunni einu sinni í mánuði.

## Hvernig fer verðmælingin fyrir vísitöluna fram?

Vinnan við grunnskiptin hefur farið fram í samstarfi við söluaðila byggingarfnis, þar sem þeir hafa aðstoðað við val á byggingavörum sem falla vel að vísitöluhúsinu. Einu sinni í mánuði senda þeir inn verðtilboð á þessum vörum. Helsta nýjungin í mælingunni er að nú er tekið fullt tillit til þeirra afsláttarkjara sem skilvísir verktakar, sem byggja hús af þessari stærðargráðu, njóta. Í gamla grunnum var miðað við listaverð.

Talsverð breyting er fyrirhuguð við mælingu á kostnaði vinnuliða. Í nýja grunnum munum við nota raunupplýsingar úr launakerfum byggingarfyrir-



tækja, sem safnað er í launarannsókn Hagstofu Íslands. Gögnin eru því ítarlegri en við höfum áður haft kost á og sýna þróun launakostnaðar jafnt í uppsveiflu sem í niðursveiflu. Hingað til höfum við stuðst við hreina taxta í kjarasamningum, þ.e.a.s. grunn- og yfirvinnutaxta auk reiknitölu ákvæðisvinnu vegna uppmælinga. Því er viðbúið að vísitalan verði mun næmari fyrir breytingum á markaðnum sem fylgja þenslu og samdrætti.

## Nú eru ýmsir aðrir kostnaðarliðir en byggingarefni og vinna sem hvíla þungt á byggingarfyrirtækjum, s.s. fjármagnskostnaður og lóðaverð.

### Hvernig er tekið á því í vísitölunni?

Þessir kostnaðarliðir eiga ekki heima í byggingarvísitölunni. Vísitala byggingarkostnaðar er svokölluð aðfangavísitala sem mælir mánaðarlegar breytingar á kostnaði verktaka við öll aðföng sem þarf til að reisa tiltekið hús á tiltekinni lóð. Þessi aðföng eru efni, vinna, leiga á vélum, flutningskostnaður og þess háttar. Fjármagnskostnaður og kostnaður af lóðakaupum fellur ekki til vegna aðfanga verktakans heldur verkkaupans sem ræður verktakann til verksins. Nú er því oft þannig háttað hér á landi að verktakinn og verkkaupinn samkvæmt þessum skilgreiningum er sami aðilinn, en byggingarvísitölur byggja almennt á þessari aðgreiningu og engin breyting verður á því við grunnskiptin.

## Verða einhverjar breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í hverjum mánuði?

Já, framsetningin mun taka nokkrum breytingum. Eftir grunnskiptin mun öll birting á undirvísitölum verða á vefsíðu

Hagstofu Íslands en útgáfu á sérritinu „Byggingarvísitölur“ sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur haldið utan um verður hætt. Birtar verða nýjar undirvísitölur byggingarvísitölu og vogir fyrir þær samkvæmt byggingarstaðli ÍST 51:2001. Rúmmetra- og fermetraverð munu taka sömu breytingum og byggingarvísitala á nýjum grunni en að öðru leyti verður birtingu á krónutölum hætt. Vísitölugildi eldri grunna verða áfram birt í sérstakri töflu, auk þess sem núverandi sundurliðun verður birt samhliða nýjum undirvísitölum í fjóra mánuði til að notendum gefist rúm til aðlögunar. Síðasta birting á fullri sundurliðun gömlu vísitölunnar verður í apríl 2010 (vísitala sem hefur gildistíma í maí). Vísitala iðnaðarhúsnæðis verður lögð niður. Ítarlega verður fjallað um grunnskiptin og nýja vísitöluhúsið í Hagtíðindaheftinu „Vísitala byggingarkostnaðar á nýjum grunni“ sem Hagstofan mun gefa út 8. febrúar næstkomandi.

## Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
12. tbl. 15. árg. Desember 2009  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmíðu: 17.12.2009  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Odd Stefán  
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,  
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019  
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is  
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson  
Ritstjóri/efnisöflun: Rákel Pálsdóttir  
Prófaralestur: Rákel Pálsdóttir  
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



## Trésmiðjan Akur 50 ára



*Ánægðir, myndarlegir og stoltir starfsmenn Trésmiðjunnar Akurs*

**T**résmiðjan AKUR á Akranesi hélt upp 50 ára afmæli fyrirtækisins í nóvember með veislu þar sem starfsfólk, eigendur og fyrrum stofnendur fyrirtækisins fögnuðu tímamótunum.

Akur var stofnað árið 1959. Verkefni Akurs hafa alla tíð verið afar fjölbreytt m.a. hefur fyrirtækið byggt á annan tug fjölbýlis-húsa á Akranesi auk margra annarra stórra sem smárra verkefna. Nú hin síðari ár hefur aðalstarfsemi fyrirtækisins verið framleiðsla á íbúðarhúsum - timbureiningahúsum og sumarhúsum, auk ýmissa þjónustuverka í trésmíði.

Trésmiðjan Akur hlaut snemma á þessu ári C-vottun Samtaka iðnaðarins og vinnur nú markvisst að því að ná næsta skrefi, B-vottun, í vottunarferli SI.

## Launafl með C-vottun



**Launafl ehf.** hefur náð þeim árangri að fá C- vottun SI sem staðfestir að reksturinn er í góðum höndum, studdur með öflugum verkþókhaldi, góðri skipulagningu og með mikla sérstöðu varðandi áherslur í öryggis- og heilbrigðismálum. Samhliða úttekt vegna C-vottunar var gerð forúttekt á þrepi B sem vekur væntingar um að ekki líði á löngu þar til Launafl ehf. verði komið með B-vottun.

### **Þriðja fyrirtækið sem nær þessum árangri**

Ásgrímur Ásgrímsson, gæða- og öryggisstjóri Launafls er ánægður með hvernig til hefur tekist og segir sam-

starfið við SI hafa verið uppbyggjandi og fræðandi frá fyrsta degi. „Þetta vottunarferli er mjög spennandi á allan máta og gerir alla vinnu skilvirkari. Rekjanleiki gagna er orðin einfaldari og þessar vottanir hafa komið á föstum verklagsreglum sem við höfum samkvæmt C-vottun til-einkað okkur“. Ásgrímur segir Launafl vinna í sérstöku umhverfi en Alcoa Fjarðaál er stærsti viðskiptavinur fyrirtækisins. „Regluverkið í kringum það er mikið og það er að stórum hluta gæðakerfinu að þakka að það gengur nú hnökralaust fyrir sig“. Launafl ehf. sem hlaut D – vottun Samtakanna í júní á þessu ári var stofnað árið 2006 af sex öflugum iðnfyrirtækum á Austurlandi.

Aðaltilgangur félagsins var fyrst og fremst að þjónusta Alcoa Fjarðaál í Fjarðabyggð á sviði rafviðgerða, málm-smíði og vélaviðgerða. Starfsemi félagsins hefur breyst mikið frá stofnun þess frá því að vera eins konar hattur fyrir þau aðildarfélag sem stofnuðu félagið í það að vera orðið öflugt iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð sem getur boðið upp á flesta þá þjónustu sem iðnfyrirtæki þarf að inna af hendi.

Starfsmannafjöldi Launafls hefur aukist frá stofnun félagsins úr nokkrum starfsmönnum í það að vera 110 talsins í byrjun árs 2009.

# Svigrúm til skattahækkana fullnýtt

Félagsfundur SI með ráðgjafaráði fór fram á Grand hóteli í lok nóvember. Umfjöllunarefni fundarins voru skattar og efnahagsmál. Tilgangur fundarins var að ræða margvísleg áhrif þeirra skattbreytinga sem eru í farvatninu á stöðu iðnaðarins og framvinduna í efnahagsmálum á næstu misserum.

## Fyrirhugaðar skattahækkningar

**Helgi Magnússon**, formaður SI, hóf fundinn og fjallaði um fyrirhugaðar skattahækkningar. Hann varaði eindregið við stóru auknum skatti sem hann segir að muni lengja og dýpka kreppuna þar sem þeir skili sér ekki til hins opinbera eins og vonir standi til. Þá sagði hann hætt við að fyrirhugaðar breytingar aflagi flest það sem tekist hefur að færa til betri vegar í skattamálum síðastliðin 20 ár og nefndi sem dæmi vörugjöld í iðnaði sem tók áratugi að fá felld niður en eru nú að koma til baka.

Helgi velti því síðan fyrir sér hvernig ætti að leysa vanda ríkissjóðs án þess að umturna skattakerfinu og nefndi fjölda dæma um sparnað sem þó myndi ekki bitna frekar á velferðar- eða menntakerfinu.

## Hagsmunagæsla SI

**Jón Steindór Valdimarsson**, framkvæmdastjóri SI fjallaði um hagsmunagæslu SI í skattamálum. Jón tæpti á helstu baráttumálum Samtakanna undanfarið ár og áratugi og nefndi meðal annars baráttu gegn margþrepa virðisaukaskatti, gegn svartri vinnu og skattsvikum og afnám vöru- og stimpilgjalds. Þá fór hann yfir skattabreytingar þessa árs og næsta og velti upp þeirri spurningu hvort þær gangi gegn stöðugleikasáttmálanum.

## Áhrif breytinga á iðnaðinn

**Bjarni Már Gylfason**, hagfræðingur SI, fór yfir hvaða áhrif breytingar á skattkerfinu hefðu á iðnaðinn. Í máli hans kom skýrt fram að staðan í ríkisfjármálum væri afar erfið og því yrði að mæta með aukinni tekjuöflun og samdrætti í ríkisútgjöldum. Skattahækkningar væru sársaukafullar en afleiðingar hallareksturs væri líka slæmar fyrir efnahagslífið í heild. Áhrif þeirra breytinga sem kynntar hafa verið eru bæði beinar og óbeinar. Þær greinar sem skattlagðar eru sérstaklega, t.d. drykkjarvöruiðnaður, verða illa úti. Skattlagningin hefur einnig óbein áhrif því með hækkun beinna og óbeinna skatta er verið að taka fjármagn



Vel sóttur ráðgjafaráðsfundur

úr umferð í hagkerfinu sem annars hefði verið varið til framleiðslu og neyslu. Ljóst er að aðlögunarþörf ríkissjóðs á næstu árum er líka mikil en að mati SI þarf að mæta henni með samdrætti í ríkisútgjöldum – svigrúm til skattahækkana hefur þegar verið fullnýtt og vel það.

Að erindum loknum var opnað fyrir mælendaskrá og voru margir sem kvöddu sér hljóðs og lýstu yfir ánægju

með fundinn. Menntu sammála um að umræða af þessu tagi væri þörf og nauðsynlegt fyrir Samtökin, fyrirtæki þeirra og félagsmenn að fylgjast vel með gangi mála og vinna að því að gæta hagsmuna iðnaðarins. Iðnaðurinn mun skipa stórt hlutverk við enduruppbyggingu íslensks efnahagslífs og forsenda þess er að atvinnulífið búi við stöðug og samkeppnis-hæf starfsskilyrði.

## Ræstingasvið ISS með Svansvottun

**Ræstingasvið ISS Ísland** hefur fengið vottun Norræna umhverfismerkisins Svansins fyrir ræstingarþjónustu. Strangar kröfur Svansins tryggja að fyrirtækið er í fremstu röð hvað varðar lágmörkun neikvæðra umhverfis- og heilsuáhrifa starfseminnar. ISS Ísland sem starfar á sviði fasteignaumsjónar er jafnframt fyrsta ISS fyrirtækið á heimsvísu til að fá slíka vottun. Umhverfisráðherra veitti leyfið í nóvember sl. í húsnæði ISS.

### Um ISS

ISS Ísland er sjálfstætt íslenskt fyrirtæki í eigu alþjóðafyrirtækisins ISS A/S, sem starfar í yfir 50 löndum. Á ræstingasviði ISS starfa yfir 600 manns. ISS Ísland er stærsta ræstingarþjónustan á landinu og fyrsta ISS fyrirtækið í heiminum til að fá Svansvottun fyrir starfsemina.

### Ísland Svansvottaðasta land í heimi 2010?

Mikill áhugi er meðal íslenskra fyrirtækja fyrir Svansvottun. Umhverfisstofnun hafa borist 13 umsóknir í ár auk þess sem vitað er um mörg áhugasöm fyrirtæki. Ein af ástæðum þessa aukna áhuga fyrir vottun er vistvæn innkaupa-



stefna ríkisins sem var innleidd í vor. Anne Maria Sparf, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun segir markmiðið að hérlandis verði 20 leyfi í lok árs 2010, en þá væri Ísland í raun orðið Svansvottaðasta land í heimi – miðað við höfðatölu.

### Norræna umhverfismerkið Svanurinn

Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna sem byggist á óháðri vottun og viðmiðum sem taka tillit til alls lífsferils vöru og þjónustu. Tilgangur Svansins er að ýta undir sjálfbæra þróun samfélagsins svo að komandi kynslóðir hafi jafna möguleika og við til að mæta þörfum sínum.



## Hannað í málm

**Hannað í málm** lauk með sýningu þátttakenda á smíðisgripum sínum og hönnun í nóvember í IÐUNNI fræðslu-setri. Fjöldi gesta lagði leið sína á sýninguna þar sem þátttakendur greindu frá verkefninu og reynslu sinni af því að taka þátt í því. Verkefnið hófst 1. maí s. og hefur því staðið í sex mánuði.

Þátttakendum var skipt í tvo hópa sem unnu með Járnsmíðju Óðins að hönnun Detox stól og Teknís að hönnun hlið-grinda fyrir Norðurmýri í Reykjavík.

# Um 79% af bókatitlum prentaðir á Íslandi

**B**ókasamband Íslands hefur gert könnun á prentstað íslenskra bóka sem getið er í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2009. Mikil fjölgun hefur orðið á prentun titla innanlands frá síðasta ári eða um 26 prósentustig. Um er að ræða hæsta hlutfall á prentun bókatitla innanlands frá því að könnun þessi var gerð fyrst árið 1998.


Heildarfjöldi bókatitla er 673 í Bókatíðindunum í ár en var 710 árið 2008.

Skoðað var hvert hlutfall prentunar innanlands og erlendis er eftir flokkum.

Eftirfarandi niðurstöður eru:

- Fræðibækur, bækur almenns efnis og listir eru alls 178, 163 (92%) eru prentaðar á Íslandi og 15 (8%) prentaðar erlendis.
- Skáldverk, íslensk og þýdd, eru 191, 170 (89%) prentuð á Íslandi og 21 (11%) prentuð erlendis.
- Saga, ættfræði, ævisögur, handbækur, matur og drykkur eru alls 155; 120 (77%) prentaðar á Íslandi og 35 (23%) prentaðar erlendis.
- Barnabækur, íslenskar og þýddar, eru alls 149; 76 (51%) prentaðar á Íslandi og 73 (49%) prentaðar erlendis.

Listinn sýnir fjölda bóka prentaðra í hverju landi og hlutfall af heild, jafnframt eru til samanburðar tölur fyrir árið 2008.



## Starfsmenntaverðlaunin afhent

**Starfsmenntaverðlaunin** voru afhent í tíunda sinn í nóvember. Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson afhenti verðlaunin en þau hlutu:

Í flokki fyrirtækja, **Securitas** fyrir fræðslustarf fyrirtækisins þar sem öryggisvarðanám fær sérstaka viðurkenningu, í flokki skóla og fræðsluaðila, **IÐAN** fræðslusetur fyrir fjölbreytt fræðslustarf þar sem raunfærnimat fær sérstaka viðurkenningu og í flokki félagasamtaka og einstaklinga **Stjórnvísi** fyrir faghópastarf.



Það sem Íslendingar vilja er:

JAFNRÉTTI  
Virðing Fjölskyldan  
Réttlæti  
Jöfnuður  
Kærleikur JAKVÆÐNI  
frelsi  
Mannréttindi  
Menntun  
ÁBYRGÐ  
SJÁLFBÆRNI  
LÝÐRÆÐI  
Fjölskylda  
Traust  
Óryggi

# Heiðarleiki



Með svartri vinnu setur þú ó fyrir framan þessi góðu gildi

Á hverju ári er samfélagið svikið um 40 milljarða vegna svartrar atvinnustarfsemi. Verum heiðarleg á nýju ári og hættum að kaupa og selja svarta vinnu.

Ætlar þú að standa skil á þínu?



Samtök iðnaðarins - [www.si.is](http://www.si.is)